

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Dysnes, Hörgársveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. janúar 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Breytingin felst í því að 120 ha svæði fyrir stóriðnað er minnkað niður í 59 ha auk þess sem skilgreiningu svæðisins er breytt í blandað iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði. Svæðið sem nemur minnkuninni er skilgreint sem opið svæði til útivistar og beitar- og ræktarlönd.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. janúar 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.